



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. desember 2012.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, 513 mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, 513 mál. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu var haft ágætt samráð m.a. við Alþýðusamband Íslands um efni þess. Á lokaskrefunum áður en frumvarpið var lagt fram í endanlegum búningi var hins vegar fellt út eitt atriði sem samstaða hafði verið um við undirbúning málsins er varðar stöðu þeirra atvinnuleitenda sem tóku þátt í sérstökum aðgerðum erætlað var að koma eins og kostur var í veg fyrir uppsagnir í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008. Hér á eftir er gerð tillaga um að rétta hlut þeirra einstaklinga sem tóku þátt í þessari aðgerð og hafa ekki fengið réttan sinn hlut.

Að mati ASÍ eru helstu efnisatriði frumvarpsins eftirfarandi:

1. „Vinna og virkni“ – starfstengd úrræði fyrir þá einstaklinga sem fullnýtt hafa bótarétt sinn

Helsta ástæðan fyrir breytingunum á lögnum er að skapa lagagrundvöll vegna verkefnisins „Vinna og virkni“ hvað varðar starfstengd úrræði fyrir þá einstaklinga sem fullnýtt hafa bótarétt sinn (sem frá 1. janúar 2013 verður 36 mánuði). Svo þetta átak geti orðið verða lagðar til breytingar á 62. gr. laganna þar sem heimildir til að veita styrki úr Atvinnuleysistryggingasjóði eru rýmkaðar svo þær nái til stærri hóps atvinnuleitenda. Þessar breytingar eru í samræmi við samþykkt Atvinnuleysistryggingasjóðs frá 15. nóvember sl.:

- a. Heimilt verði að veita styrki til fyrirtækja og sveitarfélaga vegna þátttöku þeirra sem hafa fullnýtt rétt sinn innan kerfisins í starfstengdum vinnumarkaðsúrræðum í allt að tólf mánuði frá því að síðasta greiðsla úr Atvinnuleysistryggingasjóði barst hlutaðeigandi. Með þessu er tryggð lagaheimild til að veita styrki vegna þeirra sem hafa fullnýtt sér bótarétt sinn frá 1. september 2012.
- b. Fyrir liggur að einhvern tíma tekur að bjóða öllum atvinnuleitendum starfstengd vinnumarkaðsúrræði eða úrræði á sviði atvinnutengdrar starfsendurhæfingar á fyrstu mánuðum ársins 2013 og er því mikilvægt að tryggja þeim sem hafa fengið greiddar atvinnuleysisbætur í samtals lengri tíma en 36 mánuði sérstakan biðstyrk í allt að sex mánuði til viðbótar á árinu 2013

en þó aldrei í lengri tíma en samtals 42 mánuði. Þeir sem geta átt rétt á þessum framfærslustyrk eru því þeir sem hafa fengið greiddar atvinnuleysisbætur í skemmri tíma en 42 mánuði 1. janúar 2013. Um er að ræða biðstyrk sem nemur þeim rétti er hlutaðeigandi atvinnuleitandi átti áður innan kerfisins. Réttur til þessa biðstyrks fellur sjálfkrafa niður þegar atvinnuleitandi hefur fengið boð um starfstengt vinnumarkaðsúrræði eða úrræði á sviði atvinnutengdrar endurhæfingar eftir því sem við á.

Í 17. gr. frumvarpsins segir: „Sá sem hefur verið tryggður innan atvinnuleysistryggingakerfisins og hefur fengið greiddar atvinnuleysisbætur í samtals 36 mánuði eða lengur en þó skemur en 42 mánuði 1. janúar 2013 getur átt rétt...“ hafa. Það er ekki ætlunin að takmarka réttinn til biðstyrks með þessum hætti. Orða mætti þessa setningu með eftirfarandi hætti: „Sá sem hefur verið tryggður innan atvinnuleysistryggingakerfisins og hefur fengið greiddar atvinnuleysisbætur í samtals 36 mánuði eða lengur en þó skemur en 42 mánuði á tímabilinu frá 1. janúar til 31. desember 2013 getur átt rétt...“

2. Ríkari kröfur um virkni – hert viðurlagaákvæði

Af hálfu samtaka atvinnurekenda var í umræðum um verkefnið „Vinna og virkni“ lögð rík áhersla á að viðurlög vegna þess að atvinnuleitendur neita að taka þátt í vinnumarkaðsúrræðum yrðu hert frá því sem nú er. Þar var bæði vísað til fyrri krafna SA um sama efni og þess sem gerist á hinum Norðurlöndunum. Niðurstaða hefur orðið um að leggja til þá breytingu sem er að finna í frumvarpinu.

3. Réttur til greiðslu atvinnuleysisbóta skapsast við 18 ára aldur

Lagt er til að réttur til greiðslu atvinnuleysisbóta verði 18 ár í stað 16 ár eins og nú er. Þó getur ávinnsla réttinda hafist við 16 ára aldur eins og nú er, þótt ekki geti komið til greiðslu bóta fyrr en við 18 ára aldur. Þetta þýðir í reynd að ungmenni sem hefur t.d. unnið frá 17 ára aldri og verður atvinnulaust 18 ára getur átt rétt til fullra atvinnuleysisbóta.

Rökin fyrir þessari breytingu eru einkum þau að frá því að lögin voru sett 2006 hefur aldur vegna greiðslu barnabóta verið hækkaður í 18 ár og þannig framfærsluskylda foreldra færð til þess aldurs. Þá hefur ASÍ sérstaklega látið kanna hversu mörg ungmenni yngri en 18 ára taka atvinnuleysisbætur og hvert bótahlutfall þeirra er. Í ljós hefur komið að þau eru sárafá eða 6 og bótahlutfallið 46% að meðaltali.

4. Breyting á lögum um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, nr. 51/1995, með síðari breytingum.

Gerð ertillaga um breytingar á lögum um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskverkafólks. Breytingarnar eru í samræmi við sátt sem gerð hefur verið við Starfsgreinasamband Íslands sem gæta hagsmuni fiskverkafólks og Samtaka fiskvinnslunnar. Þeim er ætlað að tryggja hagsmuni fiskverkafólks um leið og dregið er úr stuðningi við fiskvinnslufyrirtæki. Eftir situr að enn á eftir að tryggja fiskverkafólki sambærilegt starfsöryggi og annað launafólk býr við.

5. Ýmsar minniháttar lagfæringar

Gerð er ráð fyrir ýmsum minnihátta lagfæringum, s.s. varðandi tilkynningar og samskipti við atvinnuleitendur og breytingar á greiðslutímabili atvinnuleysisbóta, sem á að verða almanaxsmánuðurinn í stað 20. dag til 19. dags næsta mánaðar. Þetta á að einfalda alla útreikninga og draga úr mögulegum mistökum varðandi útborgun bóta. Um leið á breytingin að gera greiðslurnar skiljanlegri þeim sem þær eru að fá.

Tillaga um viðbót sem bætir rétt þeirra atvinnuleitenda sem voru á hlutabótum á móti hlutastarfi samkvæmt bráðabirgðaákvæði V sem féll niður í árslok 2011

Alþýðusambandið gerir tillögu um að bætt verði við frumvarpið bráðabirgðaákvæði sem kemur til móts við þá einstaklinga sem voru á bráðabirgðaákvæði V sem féll niður um síðustu áramót. Tillagan gengur út á að við útreikning á bótatímabili viðkomandi teljist minna en 50% bætur sem ½ bótadag og að þessi réttarbót gildi út árið 2013 (sjá hjálagt tillögu um bráðabirgðaákvæði ásamt greinargerð).

Að teknu tilliti til nauðsynlegra breytinga sem gera þarf á 17. gr. frumvarpsins og tillögunnar um að koma til móts við hag þeirra atvinnuleitenda sem tóku þátt í sérstökum aðgerðum er ætlað var að koma eins og kostur var í veg fyrir uppsagnir í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008 sbr. bráðabirgðaákvæði V og að henni verði bætt inn í frumvarpið, lýsir Alþýðusamband Íslands yfir fullum stuðningi við það frumvarp sem hér er til umsagnar. Jafnframt leggur ASÍ áherslu á að frumvarpið verði sem fyrst að lögum, þar sem tímasetningar skipta miklu um framkvæmdina.

Virðingarfyllt,

F.h. Alþýðusambands Íslands



Halldór Grönvold,
aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ

Hjálagt: Tillaga um nýtt ákvæði til bráðabirgða, ásamt greinargerð.

Tillaga að breytingu á frumvarpi til laga um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar..., 513. mál

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Sá tryggði sem fékk greiddar atvinnuleysisbætur á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða V á gildistíma þess og sem hefur fullnýtt bótarétt sinn eða sem fullnýtir hann á árinu 2013 getur sótt um og fengið viðurkennt að sá tími teljist hluti tímabils skv. 29. gr. þannig að einungis skal reikna hvern dag sem viðkomandi fékk greiddar hlutfallslegar atvinnuleysisbætur sem hálfan dag. Lenging á bótatímabili samkvæmt þessu ákvæði fellur niður 31. desember 2013.

Greinargerð

Í kjölfar þeirra efnahagsþrenginga sem urðu í byrjun október 2008 voru fyrirtæki sem áttu í tímabundnum rekstrarvanda hvött til að skoða þann kost að lækka starfshlutfall starfsmanna sinna fremur en að grípa til uppsagna. Samhliða var lögum um atvinnuleysistryggingar breytt til að koma til móts við breyttar aðstæður á vinnumarkaði, sbr. lög nr. 131/2008. Var með þessu lögð áhersla á að sem flestir gætu verið virkir þátttakendur á vinnumarkaði að einhverju leyti, sjálfum sér og samfélaginu til hagsbóta sem og að koma til móts við aðstæður fólks sem þurfti að taka á sig kjaraskerðingar í formi minnkaðs starfshlutfalls vegna tímabundins rekstrarvanda fyrirtækis þess sem það starfaði hjá. Ákvæði til bráðabirgða var bætt við lögina og var þar meðal annars gert að skilyrði að launamenn héldu að lágmarki 50% starfi til að öðlast rétt á hlutfallslegum atvinnuleysisbótum á móti vinnuframlagi samkvæmt ákvæði V til bráðabirgða. Um tímabundin ákvæði var að ræða og féllu þau úr gildi 31. desember 2011 eftir að hafa verið framlengd nokkrum sinnum frá 21. nóvember 2008 er þau tóku fyrst gildi. Hins vegar taldist hver dagur sem hlutfallslegar atvinnuleysisbætur voru greiddar á grundvelli ákvæðanna sem heill dagur af tímabili 29. gr. laganna sem samtals telur 36 mánuði.

Í ljósi þeirra aðstæðna sem þetta ákvæði kom til þykir sanngjarnt að draga úr þeim áhrifum sem ákvarðanir vinnuveitanda um skerðingu starfshlutfalls kunna að hafa á réttindi launafólks innan kerfisins og er því lagt til að hver dagur sem greiddar voru hlutfallslegar atvinnuleysisbætur á grundvelli ákvæðis V til bráðabirgða á tímabilinu 21. nóvember 2008 til og með 31. desember 2011 teljist sem hálfur dagur af tímabili skv. 29. gr. laganna í stað þess að telja sem heill dagur. Þetta sjónarmið hefur einnig komið ítrekað fram við endurskoðun laganna um atvinnuleysistryggingar frá því bráðabirgðaákvæðið kom fyrst fram.

Lagt er til að réttindi á grundvelli endurútreiknings skv. þessu ákvæði verði takmörkuð við það launafolk sem hefur fullnýtt bótarétt sinn eða sem fullnýtir hann á árinu 2013 og jafnframt að lenging á bótatímabilinu gildi aðeins til loka árs 2013. Þannig er ákvæðinu ætlað að mæta aðstæðum þess launafólks sem missti vinnuna í framhaldi skerðingar á starfshlutfallinu skv. bráðabirgðaákvæðinu eða fékk ekki sama starfshlutfalla og áður. Þ.e.a.s. í þeim tilfellum sem bráðabirgðaákvæðið skilaði ekki tilætluðum árangri.

Þá er til einföldunar við framkvæmdina gengið út frá því að hinn tryggði sæki um að fá tímann sem hann var á hlutabótum skv. bráðabirgðaákvæðinu viðurkenndan með þeim hætti sem tiltekið er hér að framan. Með því má komast hjá flóknum, kostnaðarsömum og í flestum tilfellum óþörfum endurútreikningi á bótatímabili allra þeirra sem fengu greiddar atvinnuleysisbætur skv. bráðabirgðaákvæðinu.

Sem dæmi um áhrif þessa ákvæðis þá gildir það um launamann sem fékk greiddar hlutfallslegar atvinnuleysisbætur á grundvelli ákvæðis V til bráðabirgða á tímabilinu 1. janúar 2009 til og með 31.

janúar 2010 þegar hann missti starf sitt að fullu. Hann hefur fengið tímabundin störf milli þess sem hann hefur verið án atvinnu á árinu 2011 og það sem af er ársins 2012 og hefur því ekki náð að starfa samfellt í 24 mánuði til að nýtt tímabil skv. 29. gr. laganna hefjist, sbr. 31. gr. laganna. Hann hefur því verið innan atvinnuleysistryggingakerfisins samtals í 34 mánuði frá því er hann fyrst missti hluta starfs síns í byrjun árs 2009. Hins vegar er lagt til með ákvæði þessu að á tímabilinu 1. janúar 2009 til og með 31. janúar 2010 þegar hann fékk greiddar hlutfallslegar atvinnuleysisbætur á grundvelli ákvæðis V til bráðabirgða teljist hver dagur sem hálfur dagur eða 12 mánuðir í stað 24 mánaða. Þannig teldist þessi launamaður hafa verið 22 mánuði innan atvinnuleysistryggingakerfisins í stað 34 mánaða. Hafi launamaður nýtt sér ákvæði V til bráðabirgða allan þann tíma sem ákvæðið var í gildi, sbr. einnig ákvæði X til bráðabirgða, eða tæpa 38 mánuði yrði hann talinn hafa nýtt sér helmingi þess tíma eða tæpa 19 mánuði af tímabili skv. 29. gr. laganna.

Gera má ráð fyrir að kostnaður af þessari breytingu verði óverulegur, bæði vegna þess að talsverður hluti þess hóps sem tók á sig lækkun starfshlutfalls gegn hlutabótum hélt störfum en einnig vegna þess að ákvæðið er tímabundið og falla réttindi skv. því að fullu niður við árslok 2013.